

Fundargerð 44. stjórnarfundar

Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: Norðurstofa, Veitur.

Tími: 14. nóvember 2017 kl. 9:15

Viðstaddir: Hrund Ó. Andradóttir (HÓA), Íris Þórarinsdóttir (ÍÞ) og María Jóna Gunnarsdóttir (MJG).

Fjarverandi: Arndís Ósk Ólafsdóttir (AÓÓ) og Sigurjón Norberg Kjærnested (SNK).

Dagskrá:

1. Fundargerð 43. stjórnarfundar
3. Stofnun nefndar um hönnun vatnavirkja (SNK)
4. Ferð til Norðurorku vor 2017
5. Önnur mál

1. Fundargerð 43. stjórnarfundar

Fundargerð var samþykkt með breytingum.

2. Stofnun nefndar um hönnun vatnavirkja (SNK)

Hugmyndin um að stofna nefnd um hönnun vatnavirkja var stuttlega kynnt fráveitufagraði SAMORKU og verður tekin aftur upp á næsta fundi. Stjórn VAFRÍ leggur til að ræða hugmyndina fyrir fulltrúum umhverfisráðuneytis, umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands.

3. Ferð til Norðurorku vor 2018

Samþykkt var að kynna vísindaferð til Norðurorku á Akureyrar í jólakveðju félagsins (ÍÞ).

4. Önnur mál

Nokkrir viðburðir eru á döfinni:

- Fréttaskýringaþátturinn "Kveikur" mun fjalla um fráveitumál á RÚV 14. Nóvember.
- Samorka heldur fund um fráveitumál e.h. 20. Nóvember í tilefni af alþjóðlega klósettdagsins. ÍÞ mund senda auglýsingu á félagsmenn.
- Vatnamælingar Veðurstofu Íslands halda uppá 70 ára afmæli í ár og stefnt er til að halda viðburð sem fer yfir sögu og viðfangsefni vatnamælinga í lok nóvember.
- Samorka heldur fund um vatnsveitur 30. maí nk. í Hveragerði
- Næsta ráðstefna Nordic Hydrology Program (NHP) verður í Bergen í Noregi 13.-15. ágúst 2018 með aðalþemað *Hydrology and water resources management in a changing world*. Sjá frekari upplýsingar: www.nhc2018.org.

Bing Wu hefur verið ráðin í starf lektors í umhverfisverkfræði við Háskóla Íslands og mun hefja störf að vori. VAFRÍ hyggst taka vel á móti henni og kynna hana fyrir fagaðilum á Íslandi. Hennar sérþekking er skólphreinsun með membrum. Spurning hvort slík tækni hjálpi sem meðferð á örplasti í skólpi.

MJG hefur hafið samstarf við háskólann á Surrey. Von er á doktorsnema til Íslands 2018 til þess að taka út litlar vatnsveitur.

Sl. september kom út skýrsla umhverfisstofnunar sem dróg upp dimma mynd af stöðu fráveitna. Einum mánuði seinna kom út skýrsla Samtaka Iðnaðarins og félags ráðgjafafyrirtækja á Íslandi sem gaf fráveitum og vegakerfinu verstu einkunn fyrir innviði á Íslandi. Kynna þarf sér inntak skýrslunnar betur hvað varðar bæði vatns- og fráveitur.

Námskeiðið *fráveitur og skólphreinsun* verður kennt við HÍ að vori. Áherslur verður fráveituhönnun, sjálfbærar ofanvatnslausnir, BOD tilraunir og skólphreinsun, og loks óhefðbundnar aðferðir og fráveitumál á Íslandi. Efla Verkfræðistofa og Umhverfisstofnun koma að kennslu.

Garðabær hefur tekið vel í að reka veðurstöð til að styðja við rannsóknir á sjálfbærum ofanvatnslausnum í Urriðaholti. Veitur hafa áhuga á að þetta mælinet sitt á Reykjavíkursvæðinu, og tryggja að gæði gagna standist rýni vísindamanna.

MJG var falið að hafa samband við Viðar Lund vegna mögulegs áhuga að heimsækja Noreg næsta haust, t.d. í tengslum við ráðstefnu sem verður haldin þar (NHP).

Fundi var slitið kl. 10:30.

Fundarritari: Hrund Ólöf Andradóttir, hrund@hi.is